

KIRKJUGARÐARÁÐ

119. fundur haldinn 8. desember 2014 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Smári Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason starfsmaður Kirkjugarðaráðs og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur: Ásta Hermannsdóttir verkefnastjóri stefnumótunar hjá Minjastofnun Íslands.

- 1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar**
Fundur settur kl. 14:00 og fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
- 2. Minjastofnun Íslands – kynning vegna vinnu við stefnumótun**
Ásta Hermannsdóttir og Kristín Huld Sigurðardóttir kynntu. Ráðið lýsti velþóknun á verkefninu.
- 3. Erindi frá Minjastofnun Íslands vegna friðlýsingar gömlu bæjartorfunnar á Hvanneyri, þar með talið minningarmörk**
Ráðið gerir ekki athugasemdir við friðlýsinguna og felur framkvæmdastjóra að svara erindinu.
- 4. Fundur með lögfræðingum Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna túlkunar á viðmiðunarreglum Sambandsins og Kirkjugarðaráðs**
Valtýr Valtýsson og Þórsteinn Ragnarsson kynntu. Lögfræðingur sambandsins mun endurskoða reglurnar.
- 5. Munnleg fyrirspurn frá fulltrúa Ríkisendurskoðunar varðandi styrk kirkjugarðasjóðs til Kirkjugarðasambands Íslands**
Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti. Ráðið mun óska eftir formlegri fyrirspurn frá Ríkisendurskoðun og svara erindinu í kjölfarið. Þórsteini Ragnarssyni og Guðmundi Rafni Sigurðssyni var falið að svara erindinu.
- 6. Ársreikningur kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2013**
Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri var veik. Ráðið hafði fengið ársreikninginn sendan fyrir fundinn og undirritaði ársreikninginn athugasemdarlaust.
- 7. Næsti fundur**
Úthlutunarfundur sem verður haldinn mánudaginn 9. febrúar.
- 8. Önnur mál**
Myndir frá Grænlandsferð Smára Sigurðssonar..

Kristín Huld lýsti áhyggjum af sléttun kirkjugarða og óskaði eftir að gerð yrði aðgerðaáætlun um varðveislu og einnig hugsanlega sléttun kirkjugarða með kirkjugarðaráði. Kristín Huld Sigurðardóttir og Þórsteinn Ragnarsson upplýstu um

samvinnu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Minjastofnunar Íslands um
gerð gagnagrunns vegna skráningar minja í Hólavallagarði.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl.16:35.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari